

Mánudaginn 20. aprílmánaðar.

Nr. 11/1903:

W. Ó. Breiðfjörð

gegn

Oddi Gíslasyni fyrir hönd M. Ras-
mussen í Kaupmannahöfn.

D ó m u r:

Þegar mál þetta átti að taka fyrir í yfirdóm-
inum 30. f. m. samkvæmt áfrýjunarstefnunni,
mætti áfrýjandi eigi og enginn af hans hendi.
Stefndi mætti aftur á móti í réttinum þennan dag
og kvaðst vera kominn þar samkvæmt stefnunni
og krafðist kosts og tæringar hjá áfrýjanda.
Þessa kröfu ber að taka til greina og dæma á-
frýjanda samkvæmt N. L. 1—4—34 til að greiða
stefnda í þessu skyni 6 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn W. Ó. Breiðfjörð kaupmaður
greiði stefnda Oddi yfirréttarmálaflutnings-
manni Gíslasyni 6—sex—krónur, er lúkest
innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að
viðlagðri aðför að lögum.